

Góðan dag,

Fyrra bréfi mínu hefur hvorki verið svarað né staðfest móttaka af forsætisnefnd. Ég geri alvarlegar athugasemdir við háttsemi nefndarmanns- og varabæjarfulltrúa.

Vinsamlegast staðfesta móttöku.

Í [siðareglum bæjarfulltrúa](#) (og nefndarmanna) er tekið fram eftirfarandi.

Við nýtum ekki stöðu okkar, upplýsingar né þiggjum gjafir í starfi ef það er í þágu eigin hagsmuna eða hagsmuna tengdra aðila.

Þetta vekur upp spurningar á atviki sem varð í byrjun árs er nefndarmaður, varabæjarfulltrúi og fyrrverandi formaður húsfélagsins mætti á aðalfund húsfélagsins í Fannborg 1-9 með umboð á vegum Kópavogsbæjar fyrir fimm íbúðum sem bærinn á í húsinu. Ekki hefur bærinn mætt á aðalfundi síðustu ár og helst lítið vilja skipta sér af málum húsfélagsins undanfarin ár.

Þótti mér því skrítið að nefndarmaður skuli mæta á fundinn með fjölmörg umboð á vegum bæjarins. Umboð sem gerðu herslumun og var nýrri stjórn komið fyrir í stað fyrri. Stjórn þar sem umræddur nefndarmaður situr sem skoðunarmaður reikninga og formaður er einstaklingur sem hann hefur reynt að koma í stjórn síðustu 2-3 árin án árangurs.

Þetta vekur upp spurningar þar sem ég stór efast um að Kópavogsbær hefði gefið einstaklingi umboð fyrir sínar fimm íbúðir bara með því að óska eftir því, enn þar sem umræddur maður er varabæjarfulltrúi og situr í skipulags- og umhverfisráði þá var það víst ekkert vandamál. Sérstaklega þar sem Húsnæðisnefnd Kópavogs tekur fram í bréfi sínu.

Húsnæðisnefnd Kópavogs er samþykkt því viðhaldi sem nefnt er í Fundarboði Aðalfundar 2025

Nefndarmaður þessi vissi full vel að áhrif sín með sínum atkvæðafjölda (sjö í heildina) hefði þau áhrif að hann sjálfur gæti átt stóran þátt í hvernig ný stjórn í heild liti út og bauð sig fram síðar sem skoðunarmann reikninga.

Verandi varamaður í bæjarstjórn og í nefnd Skipulags- og umhverfismála á tímum þegar er verið að ákveða framhald Fannborgarreitar og Traðarreitar er stór mál, verandi vel tengdur núverandi formanni sem hann sjálfur greiddi leið að formennskunni og sjálfur titlaður skoðunarmaður reikninga leggur línur hagsmuna stjórnar húsfélagsins, ekki með íbúum þess, heldur með stjórnarsýslu Kópavogs.

Ég biðla til forsætisnefndar að skoða málið nánar, enda grafalvarlegt mál ef rétt reynist, þar sem við íbúar Fannborgar stöndum á tímamótum varðandi framkvæmdir í okkar nærumhverfi.

Arnar Freyr Helgason